



LÍFBREYTILEIKI

Hvað felur sig í jörðinni

Verkefni fyrir 4-6 ára

Verkefni þar sem börn læra um dýr sem eru falin í náttúrulegu umhverfi í nágrenni skólans eða á skólalóðinni.



Markmið

- Auka virðingu fyrir lífi og náttúru
- Læra um dýr sem eru falin í náttúrulegu umhverfi
- Í nágrenni skólans eða á skólalóðinni



Efni og áhöld

Uppflettirit um dýr, tímarit, veggspjald, skæri, lím, mold, stækkunargler, skóflur, blómapottar, (starfsmaður getur nýtt sér Google-Lens til að aðstoða við greiningu)



Framkvæmd

- Útbúið setkrók með fræðibókum og tímaritum um dýr, skordýr og plöntur. Hvetjið bornin til þess að skoða og ræða myndirnar. T.d. Hvaða dýr er hægt að finna í moldinni? Hver lifir á dýrunum í moldinni? Hvað gera þau í moldinni? o.s.frv.
- Veggspjaldsgerð, börnin búa til veggspjald þar sem þeir teikna náttúrulegt umhverfi sem er bæði ofan- og neðanjarðar. Nemendur klippa út úr tímaritum myndir af plöntum og dýrum. Þau líma myndirnar á veggspjaldið sitt eftir því hvar plönturnar og dýrin búa. Upplagt er að ræða hvort þau hafi séð plönturnar eða dýrin úti í garði, úti í sveit eða í villtri náttúru? Finnið nöfnin á dýrunum og plöntunum sem fara á veggspjaldið.
- Rannsakið jarðveg í skólastofunni eða úti við. Útvegið mold, það gæti verið mold af skólalóðinni eða úr garði í nágrenninu. Dreifið úr moldinni. Nemendur rannsaka moldina og nota öll skynfæri (snerta, lykta, skoða). Nemendur fá góðan tíma til þess að rannsaka hvað leynist í moldinni (lauf, rætur, greinar, skordýr). Sniðugt er að nota stækkunargler eða smásjá til þess að rannsaka moldina betur. Ræðið við börnin hvað þau sjá. Hvaða skordýr finna þau? Hvað skyldu þau borða? Hversu stór gætu þau orðið? Einnig er hægt að nota sigti til að sjá betur hvað er í moldinni. Ræðið umgengni við plöntur og dýr.
- Hægt er að endurtaka rannsóknina á mismunandi árstímum eða með ólíkum jarðvegi, eins og sandi, mýri, graslendi.